

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. janúar 2021

3. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Upplifðu faglega og persónulega þjónustu	
 TAG Heuer	 LONGINES			MICHELSEN 1909
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT			

Skiluðu yfir 90 prósentu ávöxtun
Ávöxtun níu vogunarsjóða var á bilinu 5 til 94 prósent árið 2020. Veðmál á Ícelandair og vel tíma-sett kaup í Kviku og TM réðu miklu um góða ávöxtun Akta.

2

Umfram eigið fé um 58 milljarðar
Bankasýslan metur hvort greiða eigi út hluta af umframfé Islands-banka fyrir sölu. Veltur á verðmati fjárfesta á umfram eigin fénu sem er allt að 57,6 milljarðar.

4

Eignarhald hamli ekki samkeppni
Forsvarsmenn lífeyrissjóða segja hæpið að viðtækt eignarhald mismunandi lífeyrissjóða á fjármála-fyrirtækjum hamli samkeppni. Allir sjóðirnir starfi sjálfstætt.

6

Mikilvægu máli fylgt úr hlaði
Peir sem telja að eignarhaldi banka sé best fyrir komið hjá ríkissjóði mega gjarnan vera heiðarlegir með það svo hægt sé að eiga þá umræðu grímulaust.

14

KS kaupir Metro borgara
Kaupfélag Skagfirðinga hefur eignast M-veitingar ehf., en félagið annast rekstur Metro-hamborgarastaðanna. Kaupin koma til vegna skuldauppgjörs við KS.

16



Efla teygir sig víða um heim

Umfang verkfræðistofunnar Eflu tvöfaldaðist á áratug. Hún er með starfsemi í sjö löndum. Guðmundur Þorbjörnsson segir mikil tækifæri fyrir Ísland sem sjálfbært orkuland og til framleiðslu vetnis til útflutnings. ➔ 8

Ég ákvað fyrir rúmu ári að árið 2020 yrði mitt síðasta í þessu hlutverki og ég myndi í kjölfarið afhenda keflið áfram. Þegar ég tók þá ákvörðun grunaði mig ekki hve krefjandi lokaárið yrði.

Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Eflu

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Lánardrottinnar WOW vilja dómkvaddan matsmann

Hópur skuldabréfaeigenda, sem tók þátt í skuldabréfaútboði WOW air haustið 2018 hefur farið fram á að dómkvaddur verði matsmaður til að leggja á það mat hvort flugfélagið var orðið ógjaldfært áður en útboðið fór fram. Algengt er að dómkvaddir matsmenn séu fengnir til þess að meta slíkt áður en riftunarmál eða skaðabótamál eru höfðuð.

„Þrotabú WOW air hafði fengið endurskoðendur til að skoða málið og þeir komust að þeirri niðurstöðu að félagið hefði verið ógjaldfært um sumarið 2018. Þessa niðurstöðu er hins vegar ekki hægt að nota fyrir dómi og þess vegna förum við fram mat óháðra sérfræðinga,“ segir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður hópsins.

Matsbeiðendur eru bandaríska sjóðastýringarfyrirtækið Eaton Vance Management, norska sjóðastýringarfyrirtækið MP Pensjon, Kvika eignastýring, sænski vognunarsjóðurinn Peak AM Alternative Investments, Swedbank Luxembourg, Rea ehf., sem er móðurfélag Airport Associates, og GAMMA Capital Management, sem var tekið yfir af Kviku banka árið 2019.

Fjárfestingarfélagið Toluma Kreditt er einnig á meðal matsbeiðenda sem og Johannes Bentorp. Stjórnarformaður Toluma er Morten Wilhelm Wilhelmsen, fyrrverandi forstjóri Wilhelmsen, sem er eitt stærsta skipafélag heims.

Matsþolar eru hins vegar Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri WOW air, ásamt stjórnarmönnum um Liv Bergþórsdóttur, Helgu Hlín Hákonardóttur, Davíð Mássyni og Basil Ben Baldanza.

„Ef félagið var ógjaldfært á þeim tíma sem skuldabréfin voru gefin út myndast skaðabótaskylda stjórnenda félagsins gagnvart kröfuhöfum. Umbjóðendur okkar halda því fram að stjórnendur WOW hefðu átt



Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri WOW air. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Ef WOW air var ógjaldfært þegar skuldabréfaútboði félagsins fór fram myndast skaðabótaskylda stjórnenda á hendur kröfuhöfum.

að hætta við útboðið og óska strax eftir gjaldprotaskiptum í stað þess að sækja fé til fjárfesta sem auðsjáanlega breytti engu fyrir fjárhag félagsins,“ segir Guðmundur Ingvi. Skaðabótaskyldan muni þá samsvara fjárfestingu skuldabréfaeigendanna í útboðinu.

WOW air gaf út skuldabréf fyrir um 50 milljónir evra í september 2018. Stór hluti þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í umræddu útboði fékkst hins vegar með því að ýmsir kröfuhafar WOW air breyttu kröfum sínum í skuldabréf. Þá kom fram í skýrslu Deloitte fyrir þrotabú WOW air, að fjármagninu hefði að mestu verið varið í uppgreiðslu gjaldfallinna krafna, eða rúmum 33 milljónum dala af þeim 50 milljónum sem voru til ráðstöfunar eftir útboðið.

Skuldabréfaeigendurnir sendu kröfubréf á stjórnendur WOW air haustið 2019. Var þess krafist að stjórnendur WOW air gengju til samninga um greiðslu skaðabóta ellegar færi málið fyrir dómstóla. – tfh

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði um 21% í fyrra en skuldabréfavisitalan um 6%. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vogunarsjóðir Akta skiluðu 90 prósentum

Ávöxtun níu vogunarsjóða var á bilinu 5 til 94 prósent á síðasta ári. Veðmál á útboð Icelandair og vel tímasett kaup í Kviku og TM réðu miklu um að tveir sjóðir Akta skiluðu tvöfalt hærri ávöxtun en næsti sjóður sem kom á eftir.

Mikill munur var á ávöxtun íslenskra vogunarsjóða, sem hafa sumir hverjir fjárfestingarheimildir til að gíra skort- eða gnóttstöður sínar í skuldabréfum eða hlutabréfum fimmfalt, á árinu 2020 en tveir sjóðir í rekstri Akta sköruðu fram úr og skiluðu sjóðfélögum sínum yfir 90 prósent ávöxtun, samkvæmt samantekt Markaðarins. Góðan árangur sjóðanna – Akta HS1 og Akta HL1 – má ekki sist þakka veðmáli þeirra á hlutafjárútboð Icelandair Group, þar sem sjóðirnir tóku drjúga stöðu, en hlutabréfaverð flugfélagsins hækkaði um líðlega 70 prósent á síðustu tveimur mánuðum ársins.

Sjóðurinn ÍS-5, sem er í rekstri Stefnis og fjárfestir í hlutabréfum, og Fixed Income Opportunity Fund (FIOF), skuldabréfasjóður í stýringu hjá Landsbréfum, skiluðu hins vegar lókustu afkomunni á síðasta ári í samanburði við aðra vogunarsjóði og var ávöxtun þeirra 7,7 prósent og 5 prósent.

Samkvæmt upplýsingablaði Akta HS1 til sjóðfélaga, sem Markaðurinn hefur undir höndum, nam ávöxtun sjóðsins 93,7 prósentum á liðnu ári, en hann fjárfestir bæði í íslenskum hlutabréfum og skuldabréfum. Ávöxtun Akta HL1 var litlu minni, eða um 90,2 prósent, en sá sjóður fjárfestir einungis í hlutabréfum. Sjóðirnir, sem voru annars vegar 4,4 milljarðar króna og hins vegar 3,7 milljarðar króna að stærð í árslok 2020, hafa ekki skilað hærri ávöxtun frá stofnun árið 2013 – á árinu 2015 skiluðu sjóðirnir 88 prósent og 71 prósent ávöxtun – en þeim er stýrt af Erni Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Akta, og Fannari Jónssyni sjóðsstjóra.

Til samanburðar hækkaði úrvalsvisitala Kauphallarinnar um líðlega 21 prósent á síðasta ári á meðan hækkan aðalvisítölu skuldabréfa nam um 6 prósentum.

Vogunarsjóðir, sem standa einungis fagfjárfestum til boða vegna þess hversu áhættusöm fjárfesting í slíkum sjóðum getur verið, hafa

Ávöxtun vogunarsjóða á árinu 2020

Akta HS1	93,7%
Akta HL1	90,2%
Algildi	42,8%
Alpha hlutabréf (Íslandssjóðir)	37,4%
Hekla (Landsbréf)	36,5%
Iceland Fixed Income Fund (Kvika)	31,2%
JR-TRF (Kvika)	28,0%
Akta SK1	19,3%
ÍS-5 (Stefnir)	7,7%
FIOF (Landsbréf)	5,0%

mun ríkari heimildir en hefðbundnir verðbréfasjóðir til lán-töku – stundum nefnd girun – og nýta sér afleiður, meðal annars valréttarsamninga og framvirka samninga, til að skortselja ákveðna hlutabréfa- eða skuldabréfaflokka, sem og að taka gíraða gnóttstöðu. Sjóðirnir miða árangur sinn við tiltekna vísitölur á markaði og yfirleitt nemur þóknun þeirra sem stýra þeim 20 prósentum umfram það viðmið.

Auk þess að hafa hagnast mikið á fjárfestingu í Icelandair höfðu vogunarsjóðir Akta, sem eru að sögn kunnugra sagðir kvikari en aðrir sambærilegir sjóðir í að kaupa og selja sig út úr þeim félögum sem þeir fjárfesta í, byggt upp drjúga stöðu í Kviku banka og TM þegar hlutabréfaverð félaganna tók að hækka mikið eftir að tilkynnt var um samruna þeirra í lok september. Þá tímasettu sjóðir Akta vel kaup í fasteignafélögum síðla árs, en gengi þeirra hækkaði mikið – hlutabréfa-verð Regins og Reita rauk upp um líðlega 40 og 60 prósent í nóvember og desember – þegar jákvæðar fregnir af bóluefni juku mjög bjartsýni fjárfesta á hlutabréfamarkaði.

Samkvæmt samantekt Markaðarins skilaði fagfjárfestastjóðurinn Algildi, sem var stofnaður árið 2019 og er stýrt af Jóhanni Gísla Jóhannessyni, þriðju hæstu afkomunni á árinu 2020, en ávöxtun sjóðsins nam tæplega 43 prósentum. Sjóðurinn fjárfestir í bæði skráðum, innlendum hlutabréfum og skuldabréfum og nemur stærð hans um 1.500 milljónum króna.

Þar á eftir komu sjóðirnir Alpha hlutabréf hjá Íslandssjóðum, Hekla fagfjárfestastjóður, blandaður sjóður sem er í rekstri Landsbréfa, og Iceland Fixed Income Fund (IFIF), vogunarsjóður hjá Kviku eignastýringu sem fjárfestir í íslenskum skuldabréfum. Ávöxtun þessara sjóða nam á bilinu 31 til 37 prósentum á árinu 2020.

Fram kemur í upplýsingablaði sem var sent til sjóðfélaga IFIF á síðasta viðskiptadegi ársins 2020, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að sjóðurinn hafi skilað um 31 prósent ávöxtun á árinu en stærð sjóðsins stóð þá á 18,1 milljarði króna. Ávöxtun sjóðsins, sem var komið á fót árið 2009 og er stýrt af Agnari Tómasi Möller, var sú næstbesta frá stofnun, en til samanburðar hækkaði ríkisskuldabréfavisitala Kviku eignastýringar um 6,6 prósent á síðasta ári. Hugmyndafræði sjóðsins, að því er segir í upplýsingablaðinu, gengur út á að „finna og nýta tækifæri á íslenskum vaxtamarkaði, sérstaklega þar sem óraunsær munur hefur myndast á milli verðlagningar og undirliggjandi forsenda, einkum vegna tímabundinnar óskilvirkni á markaði og/eða mikils aðskilnaðar í verðmyndun á milli mismunandi eignaflokka.“

Í fjárfestabréfi IFIF til sjóðfélaga um síðustu áramót, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að ef alþjóðaþróun verði ekki með þeim hætti að verðbólga fari úr böndunum á næstu árum og seðlabankar heimsins grípi fyrr til vaxtahækkana en nú er verðlagt á mörkuðum, sé ekki óvarlagt að reikna með vöxtum Seðlabankans – þeir eru nú 0,5 prósent – í nágrenni við sömu gildi næstu tvö árin.

„Mikill og sögulega hár langtíma raunvaxtamunur, verðlagning um hratt hækkanði vexti Seðlabanka Íslands, verðbólguálag til skemmri og lengri tíma við markmið og nokkuð minni útgáfa ríkissjóðs en gera hefði mátt ráð fyrir, gefur ástæðu til samilegrar bjartsýni um góða ávöxtun skulda á komandi ári,“ segir í fjárfestabréfinu.

hordur@frettabladid.is

Jákvæðar fréttir

Hlutabréfasjóðir í virkri stýringu Íslandssjóða skiluðu ávöxtun umfram Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands (OMX110GI) og Einkasafn E var með hæstu ávöxtun blandaðra sjóða hérlendis á árinu 2020*. Allir sjóðir Íslandssjóða skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu en yfir 11 þúsund sparifjáreigendur velja sjóði Íslandssjóða til að ávaxta sitt sparifé.

IS EQUUS Hlutabréf	IS Hlutabréfasjóðurinn	IS Einkasafn E
1 ár 42.4%	1 ár 33.5%	1 ár 23.0%
2 ár 33.1%	2 ár 21.9%	2 ár 17.1%
3 ár 18.0%	3 ár 10.2%	3 ár 12.8%
Frá stofnun 14,9%	4 ár 6.5%	4 ár 9.7%
	5 ár 4.0%	5 ár 8.5%

Heimild: Íslandssjóðir hf.
*Skv. flokkun Keldunnar

Árleg nafnávöxtun
m.v. 31.12.2020

Ofangreindir sjóðir eru fjárfestingarsjóðir samkvæmt lögum nr. 45/2020. Rekstrarfélag sjóðanna er Íslandssjóðir hf. Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Virði þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum fjármálagerningum vegna áhættudreifingar. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum, þannig getur eignarhlutdeild rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerna sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Auglýsingin veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel útboðslýsingu ofangreindra sjóða, sérstaklega um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og fjárfestingarheimildir. Útboðslýsing og lykilupplýsingar eru aðgengilegar á islandssjodir.is.

Skoða ráðstöfun eigin fjár fyrir sölu

Bankasýslan metur hvort hagkvæmt sé að greiða út hluta af umframfé Íslandsbanka fyrir sölu. Veltur á verðmati fjárfesta á umfram eigin fénu sem nemur allt að 57,6 milljörðum. Umfram eigið fé getur einnig nýst til að mæta frekari virðisrýrnun eða útlánavexti.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Bankasýsla ríkisins mun kanna hvort hagkvæmt sé að greiða hluta af umfram eigin fé Íslandsbanka, sem nemur samtals um 57,6 milljörðum króna, til hluthafa fyrir sölu bankans. Þættir eins og fjármögnun hluta af arðgreiðslunni, og væntingar um þróun lánasafnsins takmarka þó arðgreiðslugetuna. Þetta kemur fram í kynningu sem Bankasýsla ríkisins hélt fyrir fjárlaganefnd Alþingis í síðustu viku.

„Það geta verið veigamikil rök nýrra fjárfesta að eignast hlut í banka, sem hefur jafnmikið umfram eigið fé og Íslandsbanki. Af þeim sökum mun Bankasýsla ríkisins meta það ásamt ráðgjöfum sínum á hversu háum hlutfjármargfaldara umfram eigið fé er verðmetið af hugsanlegum fjárfestum,“ segir í kynningunni.

Stjórnvöld stefna að því að selja um 25 prósent hlut í Íslandsbanka. Áætlað er að ferlið takið að lágmarki fimm mánuði og er eingöngu horft til skráningar á markaði hérlandis.

Algengasti verðmatsmælikvarðinn á hlutabréfum í evrópskum bönkum er svokallaður hlutfjármargfaldari, það er markaðsvirði sem margfeldi af bókfærðu virði undirliggjandi eigin fjár. Eftir því sem væntingar markaðarins um framtíðararðsemi eigin fjár eru meiri, á þeim mun hærri hlutfjármargfaldara eru hlutabréf í bönkum metin.


Ef verðmat á umfram eigin fé er nálægt margfeldinu 1,0 gæti verið betra, samkvæmt kynningu Bankasýslunnar, að greiða ekki út sérstakan arð til að stuðla að bættari eftirspurn.

„Fræðilega séð ætti ríkið að fá 100 aura fyrir hverja krónu sem bankinn er með í umfram eigið fé,“ segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, í samtali við Markaðinn. Þannig myndi ekki skipta ríkissjóð máli, út frá markmiðinu um að hámarka endurheimtur af eignarhlutum, hvenær umfram eigið fé yrði greitt út.

Ef verðmat á umfram eigin fé er aftur á móti lægra en 1,0 gæti verið betra, samkvæmt kynningunni, að greiða út sérstakan arð fyrir sölu.

Jón Gunnar ítrekar að það sé á forræði stjórnar en ekki hluthafa að leggja til arðgreiðslur. Stjórn banka geti ráðstafað umfram eigin fé með þrenns konar hætti.

„Stjórnin getur ákveðið að viðhalda umfram eigin fénu til að hafa svigrúm fyrir útlánvöxt. Sama gildir ef bankinn sér fram á frekari varúðarniðurfærslur á lánasafninu. Í þriðja lagi er hægt að greiða umfram eigið fé sem arð til hluthafa,“ útskýrir Jón Gunnar.



Stjórnvöld horfa til þess að selja eignarhlutinn með almennu útboði á næstu fimm mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Arðgreiðslugeta Íslandsbanka

Fræðilegt hámark:	57,6
Óhagstæð fjármögnun:	-17,1
Skuldbindingar um fyrirgreiðslur:	-9,7
Hækkun stjórnendaauka:	-7,1
Möguleg hækkun sveiflujöfnunarauka:	-4,7
Raunhæfara hámark:	19,0

*Aðrir þættir sem hafa áhrif til frekari minnkunar á arðgreiðslugetu eru væntingar um virðisrýrnun lánasafns eða útlánvöxt

Víkjandi lán er hindrun

Samkvæmt kynningu Bankasýslunnar er umfram almennt eigið fé Íslandsbanka nú 57,6 milljarðar króna en það er fræðilegt hámark arðgreiðslugetu Íslandsbanka. Stofnunin bendir á að ríkissjóður fái arð í hlutfalli við eignarhlut sinn í bankanum og þannig sé ekki verið „að gefa“ umfram eigið fé bankans.

Ef stjórn bankans tæki ákvörðun um arðgreiðslu til hluthafa væri hins vegar mjög ólíklegt að svigrúmið yrði nýtt til fulls. Bankasýslan bendir á að 17,1 milljarð þyrfti að fjármagna með útgáfu á víkjandi skuldabréfi. Vaxtakostnaður við slíkt skuldabréf liggur á bilinu 8-9 prósent og vaxtagreiðslur koma ekki til frádráttar við útreikning á tekjuskatti.

Fræðilega séð ætti ríkið að fá 100 aura fyrir hverja krónu sem bankinn er með í umfram eigið fé.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins



„Fjármagnskostnaður slíkra skuldabréfa er því umfram arðsemiskrófu ríkisins á eigið fé í bankanum, segir í kynningunni en krafan er 5,75 prósent.

Einnig gæti þurft að draga frá samtals 21,5 milljarða króna á grundvelli varúðarsjónarmiða. Bankasýslan bendir á að skuldbindingar um lánaþyrirgreiðslur geti krafist þess að bankinn viðhaldi 9,7 milljörðum. Þá þarf bankinn að viðhalda 7,1 milljarði til að ná markmiði sínu um svokallaðan stjórnendaauka, það er eiginfjárla umfram kröfur eftirlitsyfirvalda sem bankarnir setja sér sjálfir, og 4,7 milljarða til að geta mætt mögulegri hækkun á sveiflujöfnunarauka.

Eftir stendur þá svigrúm upp

Aðrir valkostir ekki jafn hagstæðir

Bankasýslan hafði lagt mat á aðra valkosti en sölu, til að mynda samruna við annað fjármálaþyrirtæki eða sölu rekstrar-eininga Íslandsbanka, í skýrslu frá mars á síðasta ári. Niðurstaða stofnunarinnar um að slíkar ráðstafanir væru ekki jafn hagstæðar og sala á eignarhlut í bankanum er óbreytt.

„Með samruna við Arion banka myndi ríkissjóður eignast hluti í þeim banka, en ekki afla reiðufjár sem unnt væri að nota til að greiða niður skuldir eða ráðast í arðbærar innviðafjárfestingar,“ segir í kynningunni.

Þá er bent á að ágreiningur gæti komið upp um hversu stóran hlut ríkissjóður ætti að eiga í sameinuðum banka og allar greiningar á samþjöppun á fjármálamarkaði leiði í ljós að Samkeppniseftir-

litið myndi aldrei samþykkja samrunann. Samkeppni myndi minnka til muna. Niðurstaða Bankasýslunnar var sú að sá sparnaður sem yrði í rekstrar-kostnaði sameiginlegs banka yrði nægjanlegur til að réttlæta aukna samþjöppun og röskun á fjármálastöðugleika.

Eftir sölu Íslandsbanka á Borgun á bankinn ekki hluti í veigamiklum dótturfélögum sem teljast utan kjarnastarfsemi.

„Þar sem sala á eignum eða rekstrareiningum yrði að öllum líkindum til annarra fjármálaþyrirtækja myndi samþjöppun á markaði aukast og Samkeppnis-eftirlitið því mögulega grípa inn í,“ segir í kynningunni. Sala á eignum tengdum kjarnastarfsemi geti leitt til þess að dýrmæt viðskiptasambönd tapist.

á 19 milljarða króna af umfram eigin fé. Sú upphæð tekur þó ekki tillit til almennrar arðgreiðslu en á grundvelli breytinga á tilmælum Seðlabanka Íslands vegna arðgreiðslna er viðbúið að Íslands-

banki geti greitt 3 til 4 milljarða króna í reglulegan arð sem væri óháður sölu. Þá tekur upphæðin ekki tillit til mögulegrar virðisrýrnunar á útlánum eða frekari útlánavaxtar.

Aðaleigandi Keahótela tapaði 1,4 milljörðum króna

Eignarhaldsfélagið K acquisitions, stærsti eigandi Keahótela, tapaði 1,4 milljörðum króna á árinu 2019 samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins. Stóran hluta af tapi samstæðunnar, sem rekur ellefu hótél víðs vegar um landið, má rekja til niðurfærslu á viðskiptavild sem nam 900 milljónum króna.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2019 námu um 5,7 milljörðum króna og jukust um 700 milljónir á milli ára. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam um 2,3 milljörðum króna. Viðskiptavild, sem nam 5,3

milljörðum króna í byrjun árs, var hins vegar afskrifuð um 900 milljónir.

„Ekki er búið að leggja mat á hugsanlega niðurfærslu viðskiptavildar á árinu 2020 vegna kórónuveirunnar en líklegt er að áhrif kórónuveirunnar muni valda nokkurri niðurfærslu,“ segir í ársreikningnum.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignar samstæðunnar 28.726 milljónum króna í lok ársins 2019. Eigið fé í lok ársins var 590 milljónir króna og eiginfjárlutfallið um 2,1 prósent. Kea Pt, sem er á vegum

900

milljónir króna var niðurfærsla viðskiptavildar.

bandaríska fjárfestingafélagsins Pt Capital Advisors, fer með 50 prósent hlut, JL-Keahotel investor, sem er á vegum bandaríska fasteignapróunarfélagsins JL Properties, fer með 25 prósent hlut eins

og Erkihvönn, sem er í eigu Andra Gunnarssonar, Kristjáns M. Grétarssonar, Fannars Ólafssonar og Þórðar Hermanns Kolbeinssonar.

Nýlega var gengið frá fjárhagslegri endurskipulagningu Keahótela, í gegnum hlutfjárlauningu og með samningum á milli eigna, lánveitenda og leigusala sem tryggðu félaginu stöðugan rekstrargrundvöll vel fram á árið 2022. Landsbankinn fer með þriðjungshlut í félaginu á móti K acquisitions eftir endurskipulagninguna.

Viðræður um endurskipulagningu reksturs Keahótela, sem er ein

stærsta hótelleiðja landsins og starfrækir meðal annars hina sögufræga Hótel Borg við Austurvöll og Hótel Kea á Akureyri, höfðu staðið yfir um nokkra hríð.

Niðurstaðan var samkomulag sem batt saman hagsmunir eigna og annarra hagsmunaaðila, sem eru annars vegar Landsbankinn og hins vegar ýmis fasteignafélög. Í því fólst að hluta skulda var breytt í hlutafé, núverandi eigendahópur kom með nýtt fé inn í reksturinn og leigusalar gerðu samkomulag um veltutengdar leigugreiðslur, sem eru þó með ákveðnu lágmarksgólfi. – tfh



Útboðsþing SI

Í beinu streymi miðvikudaginn
27. janúar kl. 9.00-10.30

- ▶ Á þinginu verða kynnt fyrirhuguð útboð ársins 2021 á verklegum framkvæmdum opinberra aðila. Þeir sem skrá sig á Útboðsþing SI fá sendan hlekk á viðburðinn.



▶ **Fundarstjóri**
Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI



▶ **Setning**
Árni Sigurjónsson,
formaður SI



▶ **Reykjavíkurborg**
Dagur B. Eggertsson,
borgarstjóri



▶ **Framkvæmdasýsla ríkisins**
Guðrún Ingvarsdóttir,
forstjóri



▶ **Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**
Páll Björgvin Guðmundsson,
framkvæmdastjóri



▶ **Orka náttúrunnar**
Hildigunnur Jónsdóttir,
forstöðuman verkefnastofu



▶ **Landsvirkjun**
Gunnar Guðni Tómasson,
framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs



▶ **Faxaflóahafnir**
Inga Rut Hjaltadóttir,
forstöðumaður tæknideildar



▶ **Vegagerðin**
Óskar Örn Jónsson,
forstöðumaður framkvæmdadeildar



▶ **Landsnet**
Unnur Helga Kristjánsdóttir,
forstöðumaður framkvæmda



▶ **NLSH**
Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri



▶ **Veitur**
Katrín Karlsdóttir,
teymisstjóri verkefnastjóra



▶ **Isavia**
Jón Kolbeinn Guðjónsson,
deildarstjóri verkfræðideildar

Skráning á si.is



ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 30-60% AF ÖLLUM VÖRUM



WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 229.900 KR.
NÚ **148.900 KR.**



HEADPOINT
LISTAVERÐ 93.900 KR.
NÚ **59.900 KR.**



P90
LISTAVERÐ 106.900 KR.
NÚ **68.900 KR.**



YOU TEAM
LISTAVERÐ 279.900 KR.
NÚ **139.950 KR.**
TAKMARKAÐ MAGN

35-50% AF ÖLLUM STÓLUM



CUBE FUNDARSTÓLL
MEÐ ÖRMUM
LISTAVERÐ
88.300 KR.
NÚ **52.900 KR.**
TIL Á LAGER Í DÖKK-
OG LJÓSGRÁU



W70 FUNDARSTÓLL
MEÐ DONDOLA
LISTAVERÐ
148.900 KR.
NÚ **74.450 KR.**

RAMMASAMNINGUR VID
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

Útsöluverð gilda ekki af sérpöntunum.





Guðmundur segir að hugsunin með því að opna í Noregi á sínum tíma hafi verið að byggja nýja stoð undir starfsemina landfræðilega. „Sýn okkar er að breiða úr okkur þar í landi á sömu sviðum og við erum“

Sterkur heimavöllur skiptir sköpum

Efla er með starfsemi í sjö löndum. Verkfræðistofan, sem velti sjö milljörðum árið 2019, sótti fram í ljósi sérhæfingar í orkuflutnings- og samgöngumannvirkjum. Framkvæmdastjórinn segir Eflu í fremstu röð á heimsvísu í ráðgjöf varðandi orkuflutningsmannvirki.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Starfsmönnum í samstæðu verkfræðistofunnar Eflu hefur fjölgað úr 180 stuttu eftir efnahagshrunið 2008 í hátt í 400 nú. Frá þeim tíma hefur fyrirtækið ýmist sameinast eða stofnað yfir 20 fyrirtæki.

Guðmundur Þorbjörnsson, sem leitt hefur Eflu á þessum tíma, segir að vöxturinn hafi verið um tíu prósent á ári lengst af á síðasta áratug. Hann hefur nú ákveðið að stíga úr stóli framkvæmdastjóra og taka að sér ný hlutverk í fyrirtækinu.

„Ég ákvað fyrir rúmu ári að árið 2020 yrði mitt síðasta í þessu hlutverki og myndi í kjölfarið afhenda keflið áfram. Þegar ég tók þá ákvörðun grunaði mig ekki hve krefjandi lokaárið yrði,“ segir hann og vísar til efnahagsþrenginga sem fylgt hafa COVID-19 heimsfaraldri-

inum. Ekki hefur verið ákveðið hver muni taka við starfi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, starfið verður auglýst innan skamms.

„Margir eru í sömu sporum, að velta fyrir sér framtíðinni þegar liður á starfsævina og lokaspretturinn er fram undan. Ég vil taka hann þegar ég er enn á fullri ferð. Mér þykir meira spennandi að takast á við nýja hluti en að halda áfram í núverandi hlutverki út starfsævina. Það er meiri áskorun,“ segir Guðmundur sem verður 64 ára á árinu.

Nær framlínunni

Hann segist hafa mikinn áhuga á að taka þátt í þeim samfélagsbreytingum sem séu að eiga sér stað og unnið sé að hjá Eflu, eins og vegferðinni til aukinnar sjálfbærni, stafrænni þróun og annarri umbreytingu á samfélagsgerðinni. „Ég hef áhuga á að komast nær framlínunni. Þótt ég sé byggingarverkfræðingur þá get ég ekki lengur hannað burðarbita með góðu móti en ég hef mikla yfirsýn yfir bransann eftir að hafa starfað við fagið í langan tíma. Ég vil

Ég á fastlega von á því að á næstu misserum muni fyrirtækið fara í eðlilegan vaxtarfarveg, enda tækifærin mikil til framtíðar.

taka þátt í viðskipta- og vöruþróun, veita ráðgjöf og miðla þekkingu. Þetta er í raun eðlileg starfsþróun.“

Guðmundur segir að það séu að eiga sér stað kynslóðaskipti innan Eflu á öllum stigum, þar á meðal í framkvæmdastjórninni. „Okkur hefur tekist vel að finna því lykilfólki nýjan farveg innan fyrirtækisins sem stigið hefur úr leiðandi hlutverkum. Það er verðmætt fyrir fyrirtæki eins og Eflu enda fylgir aukinni reynslu meiri þekking og yfirvegum sem leiðir til betri ráðgjafar fyrir okkar viðskiptavini.“

Hvað geturðu sagt um tilurð Eflu?
„Efla varð til á árinu 2008 með sameiningu fjögurra verkfræði-

stofa. Á þessum árum var mikil athafnasemi í þjóðfélaginu og verkefni stór, þar með talið í orkugeiranum og iðnaði og eins og til dæmis bygging Háskólans í Reykjavík og Hörpu bera með sér. Erlendar stofur voru í auknum mæli að sækja í þau verkefni sem voru að verða til á Íslandi. Eins fór unga fólkið að gera ríkari kröfur um starfsumgjörð, það vildi starfa hjá stærri fyrirtækjum sem buðu fleiri tækifæri. Á þeim tíma voru íslenskar verkfræðistofur því að sameinast.

Efla var kynnt til leiks í sömu viku og Geir H. Haarde, þá forsætisráðherra, það Guð að blessa Ísland. Allar forsendur fóru því beint út um gluggann á fyrsta degi. Engu að síður varð sameiningin okkur til happs og gerði okkur betur í stakk búin til að takast á við samdráttinn sem fylgdi efnahagshruninu. Á þeim tíma áttu minni verkfræðistofur sem voru sérhæfðar erfitt um vik þegar tók að halla undan fæti á þeirra sviði og verkefni þornuðu upp. Árið 2010 fóru umsvifin að aukast á nýjan leik og vöxtur Eflu

var um tíu prósent ár frá ári lengst af á síðastliðnum áratug,“ segir Guðmundur.

Riflega 120 hluthafar

Hluthafar Eflu starfa allir hjá fyrirtækinu, eru riflega 120 og eignarhaldið er dreift. Verkfræðistofan velti um 7,1 milljarði króna árið 2019, hagnaðist um 205 milljónir og arðsemi eiginfjár var 15 prósent.

Aðspurður segir Guðmundur að íslenskar verkfræðistofur ráði nú mjög vel við umfangsmeiri verkefni, og hafi erlendar verkfræðistofur ekki sótt hart inn á íslenska markaðinn á síðustu árum þó að dæmi séu ávallt um slíkt.

Hvers vegna óx fyrirtækið svo hratt?

„Það má rekja til margra þátta. Efnahagslífið tók við sér og tækifærin fóru að birtast aftur. Efla hefur lagt áherslu á að veita fjölbreytta þjónustu og hvatt til frumkvæðis og sjálfstæðis allra starfsmanna. Með þessari breidd náðum við að virkja fyrirtækið í heild afskaplega vel og draga úr áhættu í rekstrinum.“



SALATTÍMI Í JANÚAR

Þrjár tegundir af ljúffengu salati í hádeginu mánudaga–föstudaga

Kjúklingasalat
Tigrisrækjusalat
Confit kalkúnasalat

Hummusturn fylgir með!

> 1.900 kr.

EITT SALAT + HUMMUSTURN



FJALLKONAN FAGNAR ÞÉR!



Flöskuháls hefur skapast í flutningum frá Kína til Evrópu vegna skorts á gámum. Sýnataka til að gá hvort COVID-19 smit sé í gámum frá Evrópu gerir það að verkum að langan tíma tekur að afgreiða hvern gám. FRÉTTABLAÐID/EPA

Flutningsverð frá Kína til Evrópu þrefaldaðist

Skortur er á gámum í Kína til að ferja vörur til Evrópu. Tekið er COVID-19 sýni úr hverjum frystigámi sem fluttur er til Kína sem gert hefur það að verkum að það getur tekið um tuttugu daga að afgreiða hann úr höfninni.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivi@frettabladid.is



Verð á gámaflutningum frá Kína til Evrópu hefur meira en þrefaldað á þremur síðustu mánuðum ársins 2020. Hækkunirnar má rekja til þess að COVID-19 hefur leitt til gámaskorts. Mikil eftirspurn er eftir flutningi á milli heimsálfanna sem erfitt er að mæta við núverandi aðstæður. Þetta segir Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips, í samtali við Markaðinn.

Hann segir að markaðsaðstæður hafi ekki teljandi áhrif á rekstur Eimskips. „Okkur hefur tekist að halda sjó,“ segir Bragi Þór. Eimskip sinnir meðal annars flutningsmiðlun á milli álfanna og er sérhæft í matvælum. Hann segir að þrátt fyrir minna framboð hafi fjöldi gámaeininga sem Eimskip komi að ekki fækkað með teljandi hætti. Verð sem viðskiptavinum bjóðist séu nú hærri en framlegðin hafi haldist svipuð.

Bragi Þór segir að á fyrri hluta ársins 2020 hafi stóru skipafélögin dregið úr flutningum á milli Asíu og Evrópu vegna minni eftirspurnar. Eftirspurnin hafi hins vegar glæðst síðar á árinu. „Það er ekki sjálfgefið að vöruflutningar séu jafnir í báðar áttir. Það er til að mynda mikið framleitt í Kína og flutt til Evrópu. Það gerði það að verkum að það söfnuðust upp tómir gámar í Evrópu.“

Kínverskir útflytjendur hafa átt erfitt með að flytja út vörur og því hafa vöruhús fyllst. Þetta hefur skapad verðþrýsting. Útflytjendur hafa yfirboðið hver annan til að fá pláss í skipi. Það hefur gert það að verkum að hætt hefur verið við flutning á ýmissi ódyrari vöru vegna þess að það borgar sig ekki lengur. Kaupendur hafa orðið að leita að sambærilegum vörum frá öðrum löndum,“ segir hann.

Mikill tími fer í að þjónusta viðskiptavini

Helstu áhrif erfiðleika í flutningum frá Asíu til Evrópu á rekstur Samskipa er að mikill tími fer í það hjá starfsfólki að aðstoða viðskiptavini. „Aðalvinnan felst í því að finna laust flutningspláss og leita lægstu verða. Það hefur gengið upp hingað til en mjög mikill tími fer í það,“ segir Þórunn Inga Ingjaldsdóttir, forstöðumaður hjá Samskipum.

Stuðlar að verðbólguþrýstingi

Bert Colijn, hagfræðingur hjá fjármálafrýrtækni ING, segir að skortur á aðföngum og hærri flutningskostnaður gæti dregið úr hagvexti á heimsvísu og stuðlað tímabundið að auknum verðbólguþrýstingu í ár, að því er fram kemur í frétt Financial Times.

Framleiðendur í Bretlandi segja að flutningskostnaður hafi hækkað meira en sem nemur hagnaði af sölu á vörum. Þess vegna þurfi að hækka vöruverð. Breskur innflytjandi segir að hann standi frammi fyrir því að annaðhvort hækka verð til að mæta þreföldun á flutningskostnaði eða eiga á hættu að birgðir klárast.

Fram kemur í könnun að framleiðendur á evrusvæðinu séu að ganga á birgðir af hráefnum til framleiðslu sinnar og verð á aðföngum hafi hækkað snarpt.

Tekið er COVID-19 sýni úr hverjum frystigámi sem fluttur er til Kína sem gert hefur það að verkum að það getur tekið um 20 daga að afgreiða hann úr höfninni. „Kínverjar eru ítrekað að finna



Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips.

COVID-19 smit á pakkningum sem koma frá Evrópu og telja að með þeim hætti berist smit til landsins þótt gámarnir hafi verið í 40 daga á leiðinni í 22 gráðu frosti. Við vitum ekki til þess að þetta hafi verið vandamál í Evrópu. Í Kína eru pallettur og lyftarar ekki notuð í sama mæli og í Evrópu og því er kössum oft staflað með handafli. Þegar upp koma smit eru höfnunum takmörk sett eða lokað í einhvern tíma. Við erum nú að biða fregna af því að stór höfn í Kína verði opnuð á nýjan leik. Þetta leiðir til þess að hafnir eru oft yfirfullar og því þarf að senda skip á aðrar hafnir,“ segir Bragi Þór.

Menn eru ekki á einu máli um hvenær leysist úr stöðunni. Bragi Þór segir að nú sé flutningar til og frá Kína í hámarki því það styttest í kínversku áramótin. Við það tilfni sé mörgum framleiðslufyrirtækjum lokað í allt að þrjár vikur. „Sumir telja að í kjölfarið muni markaðurinn leita jafnvægis. Aðrir telja að uppsafnaður vandi sé svo mikill að það verði viðvarandi gámaskortur fram í mitt ár 2021,“ segir hann.

Að sögn Braga Þórs tekur það stórt skip um 40 daga að sigla frá Evrópu til Asíu. Því taki hringferðin um 80-100 daga að komast aftur til Evrópu. „Það mun taka tíma að bregðast við ástandinu,“ segir hann.

Fyrir tveimur árum var staðan allt önnur. Nóg framboð var af lausum gámum, verð í lægstu lægðum og stóru skipafélögin voru að tapa á flutningunum. Til að bregðast við því var meðal annars mikið um stórar sameiningar. „Verðhækkunirnar hafa gert það að verkum að stóru skipafélögin eru að skila hagnaði núna,“ segir Bragi Þór.

Brýning til borgar



Orri Hauksson
forstjóri Simans

Restur til að skila inn umsögnum um drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum árin 2021 til 2025 rennur út næstkomandi föstudag. Síminn var í stórum hópi fyrirtækja og einstaklinga sem sendu hugmyndir til stýrihóps borgarinnar við undirbúning þessa mikilvæga verkefnis. Umhverfis- og loftslagsmál eru orðin órjúfanlegur þáttur af ákvörðunum í rekstri. Til að ná árangri þarf meðal annars að rækta samvinnu mismunandi aðila og samnýtingu innviða, en þau lykilorð koma einmitt fram í þeim drögum sem borgin hefur lagt fram til kynningar.


Forðast óþarfa framkvæmdir

Hugmyndir Símasamstæðunnar hafa um margra ára skeið miðað að því að draga úr óþörfum framkvæmdum, sem eru sóun á fjármagni og sumar hverjar einstaklega óumhverfisvænar. Við gróft og lagningu nýrra fjarskiptainnviða þarf meðal annars að fjarlægja malbik en við framleiðslu á nýju tonni af malbiki myndast losun upp á 39 kíló koltvísýrings. Við bætist losun vegna flutnings og förgun á gamla malbikinu. Ljóst er að kolefnisfótsporid við slíkar stórfamkvæmdir er verulegt, auk þess sem jarðraskið þyrlar upp svifryki með tilheyrandi áhrifum á loftgæði, sem er annar mikilvægur málaflökur.

Í Reykjavík hefur náðst sá fini árangur að öll heimili og fyrirtæki eru tengd ljósleiðara. Stór hluti íbúa á svæðinu hefur val á milli ljósleiðara frá tveimur fyrirtækjum, Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) og Milu. Ljóst er að í kringum tvítengd hús liggja mikil verðmæti ónotuð í jörðu, þar sem eitt ljósleiðaranet dugur til allra háhraðaflutninga um fyrirsjáanlega framtíð. Borginni var í lófa lagið að koma í veg fyrir stóran hluta þessara tvöföldu röralagninga með því að kjósa samnýtingu á báða bóga. En gott og vel, þetta er búið og gert.

Til lengri tíma er beinn aðgangur að innviðum borgarinnar, á viðskiptalegum forsendum auðvitað, tryggasta leiðin til að stuðla að grænni nýsköpun og gróskumikilli samkeppni.

GR hefur tengt með ljósleiðara að 20 til 30 þúsund fleiri heimilum á suðvesturhorninu en Mila. Með því að samnýta þessa tilteknu grunninnviði er hægt er að sleppa því að tvítengja fleiri hús og komast þannig hjá jarðvegsframkvæmdum og raski í kringum fjölda íbúða í borginni. Árið 2018 náðist að frumkvæði Símasamstæðunnar samkomulag við GR um sameiginlegar jarðvegsframkvæmdir á þeim svæðum þar sem verið var að frumleggja ljósleiðaratengingar til heimila. Var það stórt skref í átt að minnka kolefnisspor við lagningu fjarskiptainnviða. Í fyrra náðist svo



Margir kílómetrar af nýjum skurðum að þessum tugþúsundum heimila yrðu til þess eins að tengja ljósleiðara númer tvö, sem mun annaðhvort liggja ónotaður í jörð eða verða til þess að ljósleiðarinn sem fyrir var verður ónotaður.

annað jákvætt skref þegar Síminn og GR sömdu um aukið samstarf sem mun komast til framkvæmda á þessu ári. Brýnt er að þróa þetta samstarf áfram.

Snjall búnaður og heimskur

Hvernig samnýtingunni á innviðunum er háttad er lykilatriði þegar horft er til samkeppni og nýsköpunar. Ljósleiðari í röri í jörð er einn og sér „heimskur“ búnaður. Til þessa að kveikja á honum og tengja við snjöll tæki þarf virkan búnað. Það er í þeim hluta sem þróunin á þjónustu og samkeppni við neytendur liggur, en ekki í grefri, rörum og strengjum. Það er skodun Símans að mikilvægt sé að fjarskiptafyrirtæki veiti sem mest af sinni þjónustu um fjölbreytilegan virkan búnað, þótt óvirku innviðirnir séu víða þeir sömu. Með því að opna á þann möguleika, fremur en að skilyrða samnýtinguna við alla tæknikeðjuna, en að ella fáist ekkert samnýtt, getur borgin komið í veg fyrir að skurðgröfur verði ræstar að óþörfu. Margir kílómetrar af nýjum skurðum að þessum tugþúsundum heimila yrðu til þess eins að tengja ljósleiðara númer tvö, sem mun annaðhvort liggja ónotaður í jörð eða verða til þess að ljósleiðarinn sem fyrir var verður ónotaður.

Spáð hefur verið að 15 prósent af markmiði Evrópu um kolefnishlutleysi á næstu áratugum muni nást fyrir tilstilli 5G, internets hlutanna og fleiri fjarskiptalausna. Snjöll sitengd heimilistæki geta stillt notkun sína þannig að orka sparast umtalsvert. Innleiðing á nýrri tækni hvílir á að vel takist að nýta fyrirliggjandi innviði. Til lengri tíma er beinn aðgangur að innviðum borgarinnar, á viðskiptalegum forsendum auðvitað, tryggasta leiðin til að stuðla að grænni nýsköpun og gróskumikilli samkeppni.

APOTEK
KITCHEN+BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins



JANÚAR TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / apotek.is

Svipmynd

Íris Hrönn Kristinsdóttir

Nám:

Ég er viðskiptafræðingur og mér til gamans þá fór ég í einkaþjálfarnám í Keili.

Störf:

Ég starfa hjá Íslensku lögfræðistofunni og er titluð fjármálastjóri. En ætli ég sinni ekki flest öllu nema lögmansstörfum.

Íris Hrönn Kristinsdóttir er fjármálastjóri Íslensku lögfræðistofunnar og löggiltur einkaþjálfari. Hún stefnir að mikilli forgjafarlækkun á golfvælinum í sumar. Hún hvetur samstarfsfélaga sína og aðra til að vera skemmtanastjóri í eigin lífi. Hún segir mikilvægt að koma auga á tækifæri sem geta falist í öllu því mótlæti sem flestir verða einhvern tímann fyrir á lífsleiðinni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég er snarofvirk. Útivist og hreyfing í hvaða formi sem er, hjólréiðar, fjallganga, lyftingar, skíði, golf. Bara eins lengi og ég er að gera eitthvað. Ég elska líka að ferðast og hlakka til að geta gert meira af því á þessu ári, auk þess finnst mér gaman að elda góðan mat og vera í góðum félagskap.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Ég vildi óska þess að ég gæti sagt að ég byrji hvern morgun á jóga eða hreyfingu eins og ég ætti að gera en það er ekki svo gott. Morgunrúttin er nokkuð beisik, fæ mér kaffibolla og kem dóttur minni í skólann þegar hún er hjá mér. Tek svo morgunspjall við vinnufélagana um daginn og veginn áður en ég fer að stúdera tölur.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já, ég á mjög auðvelt með það. Ég á mjög skilningsríka yfirmenn og ég fæ að haga vinnutímanum eftir aðstæðum hverju sinni. Mér finnst gaman í vinnunni og vinn með góðu fólki, svo ég er mjög heppin þar.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Fyrir félagsveru eins og mig þá eru þessi boð og bönn frekar krefjandi og ég sakna mjög að hitta fólkið mitt og gera mér glaðan dag í góðum hópi. En ég treysti á mína menn í Pfizer og Moderna að kippa þessu í liðinn sem allra fyrst.

Hver eru helstu verkefni fram undan?

Ég hef sett mér háleit hjólamarkmið, þrila upp á nokkur fjöll og æfa golfsveifluna. Og auðvitað vinna upp tapaðan tíma með fólkinu mínu.

Fjármálastjórinn sem lærði til einkaþjálfara



Íris Hrönn er útivistarmanneskja og ver frístundum sínum á fjöllum, nú eða á golfvælinum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fyrir félagsveru eins og mig þá eru þessi boð og bönn frekar krefjandi og ég sakna mjög að hitta fólkið mitt og gera mér glaðan dag í góðum hópi. En ég treysti á mína menn í Pfizer og Moderna að kippa þessu í liðinn sem allra fyrst.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég uni mér vel í kringum tölur og fólk, svo þessi starfsvettvangur hentar mér vel. Ef ég væri að velja mér nám í dag þá er ég nokkuð viss um að ég myndi velja sjúkraþjálfun, lýðheilsufræði eða eitthvað þess háttar. Það er ekkert útilokað í þeim efnum, ég fæ óteljandi hugmyndir á hverjum degi en sem betur fer framkvæmi ég ekki þær allar.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég er ekki von að plana svona langt fram í tímann, oft grip ég bara þau tækifæri sem gefast hverju sinni. Ég vona að ég verði með fleiri broshrukkur og með gott fólk í kringum mig. Kannski verð ég orðin amma, nei, fjandinn hafi það! Ég verð illa svikin ef ég verð ekki komin með lægri forgjöf í golfinu. Hún getur allavega ekki hækkað!

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Að mega ferðast aftur, hitta bróður minn og fjölskyldu hans sem er búsett erlendis. Að verða frjálsari, takast á við nýjar áskoranir, ný tækifæri og njóta þeirra.

Hvers konar stjórnumarstíl hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Ég vil hafa gaman í kringum mig svo ef ég er með stjórnumarstíl, þá snýst hann um að hafa gaman. Getum kallað það „skemmtanastíllinn“. Ég reyni að hvetja fólk til að horfa á það jákvæða, að vera skemmtanastjóri í sínu lífi og sjá hvaða tækifæri geta leynst í mótlætinu. Það er öllum hollt að fara stundum út fyrir þægindarammann og takast á við nýjar áskoranir. Þannig þroskumst við. Lífið er alls konar, skin og skúrir, stundum er bara gott að vera smá Pollýanna.

Brexit: Tilnefning fulltrúa í Bretlandi vegna vinnslu persónuupplýsinga



Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður og meðeigandi á LEX lögmansstofu

Eitt af þeim nýmælum er fólust í hinni almennu persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins (GDPR) varðar gildissvið reglugerðarinnar, en hún gildir að vissu marki um vinnslu ábyrgðar- og vinnsluáðila persónuupplýsinga, sem ekki hafa staðfestu í Evrópusambandinu eða á Evrópska efnahagssvæðinu. Þannig gildir reglugerðin um vinnslu persónuupplýsinga á vegum fyrirtækja sem bjóða einstaklingum á svæðinu vöru og þjónustu, jafnvel þó slíkt sé ekki gert gegn gjaldi. Jafnframt gildir reglugerðin þegar slíkir aðilar hafa eftirlit með hegðun einstaklinga sem staddir eru á svæðinu.

Undir fyrirnefnda atriðið fellur það þegar alþjóðleg fyrirtæki beina tilboðum um vöru og þjónustu gegnum netið til einstaklinga á svæðinu. Skylda þessi getur náð hvort heldur sem er til ábyrgðaraðila vinnslu eða til vinnsluáðila.

Þegar reglugerðin tekur til vinnslu vegna þeirra fyrirmæla sem hér var lýst, ber viðkomandi aðila í vissum tilvikum að tilnefna skriflega fulltrúa sinn innan svæðisins. Mörg alþjóðleg fyrirtæki hafa fram til þessa haft starfsstöð í Bretlandi og því hafa þau ekki verið skyldug að tilnefna fulltrúa innan Evrópska efnahagssvæðisins. Breyting hefur nú orðið á þessu.

Brotthvarf Breta úr Evrópusambandinu hafði í för með sér að sett voru í Bretlandi lög um persónuvernd, sem munu að mestu samhljóða almennu persónuverndarreglugerðinni. Bresk lög kveða nú á um að ábyrgðar- og vinnsluáðilar vinnslu persónuupplýsinga sem ekki hafa staðfestu í Bretlandi, þurfi að tilnefna fulltrúa gagnvart

Bresk lög kveða nú á um að ábyrgðar- og vinnsluáðilar vinnslu persónuupplýsinga sem ekki hafa staðfestu í Bretlandi þurfi að tilnefna fulltrúa gagnvart persónuverndaryfirvöldum.

persónuverndaryfirvöldum. Þessi skylda gildir óháð samningi Breta við Evrópusambandið, óháð því samkomulagi sem gert var fyrir síðustu áramót milli Breta, Íslands og Evrópusambandsins um heimild til miðlunar persónuupplýsinga og

óháð því hvort Evrópusambandið muni í framtíðinni taka ákvörðun um hvort Bretland telst veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu um síðustu áramót þurfa þau alþjóðlegu fyrirtæki sem ekki hafa starfsstöð í Bretlandi að tilnefna fulltrúa í Bretlandi (e. UK Representative). Meginhlutverk fulltrúans er að koma fram fyrir hönd viðkomandi ábyrgðar- eða vinnsluáðila gagnvart bresku persónuverndarstofnuninni, Information Commissioner's Office (ICO). Íslensk fyrirtæki sem ekki eru með staðfestu í Bretlandi þurfa með sama hætti að taka til athugunar hvort þeim sé skylt að tilefna slíkan fulltrúa.

Af upplýsingum um hina nýju bresku löggjöf má ráða að kröfurnar um fulltrúa í Bretlandi eigi ekki við um vinnslu opinberra aðila. Krafan nær hins vegar til annarra þeirra sem ekki hafa neina staðfestu eða starfsemi í Bretlandi, en vinna per-

sónuupplýsingar um breska aðila með þeim hætti að þeir annaðhvort hafa eftirlit með hegðun þeirra innan Bretlands eða beint er til þeirra tilboðum um vöru eða þjónustu.

Undanþegnir skyldu til að tilnefna fulltrúa eru þeir sem vinna persónuupplýsingar í einstök skipti án þess að vinnslan hafi í för með sér sérstaka áhættu varðandi réttindi hins skráða og án þess að taka í miklum mæli til hinna sérstöku flokka persónuupplýsinga (viðkvæmar persónuupplýsingar). Í framkvæmd hefur þetta þá þýðingu að íslenskir aðilar, bæði ábyrgðaraðilar og vinnsluáðilar, sem að jafnaði vinna persónuupplýsingar um breska einstaklinga án þess að hafa þar staðfestu, skulu tilnefna fulltrúa. Slíkt getur meðal annars átt við í þeim tilfellum þegar íslenskt fyrirtæki hefur ekki starfsstöð í Bretlandi en er þar með fastan viðskiptamannahóp. Fyrirtæki í þeirri stöðu ættu að kanna nánar hvort skyldan á við um þá.

ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAD VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**TÖLVU
LISTINN**

Skotsilfur



Jón Eggert til Arctica

Jón Eggert Hallsson, sem hefur verið á íslenskum fjármálamarkaði um langt skeið, hefur tekið til starfa í markaðsviðskiptum hjá verðbréfafyrirtækinu Arctica Finance. Jón Eggert, sem var um tíma forstöðumaður eignastýringar Íslenskra verðbréfa, hefur áður meðal annars starfað hjá Kviku banka, Straumi fjárfestingabanka, ráðgjafarfyrirtækinu Expectus, J Bond Partners og Íslandsbanka. Á sama tíma hefur Valdimar Ármann, sem tók til starfa í fyrra í markaðsviðskiptum hjá Arctica, fært sig yfir í eignastýringu hjá félaginu.



Stutta stráið

Ekki eru allir á eitt sáttir um fyrirhugaða sölu Íslandsbanka. Sérfræðingateymi Alþýðusambands Íslands varar við illa meinandi fjárfestum, sem gætu lagt ferðabjónustuiðnaðinn í rúst með því að ganga að veðum og selja eignir. Samkeppniseftirlitið, undir forystu **Páls Gunnars Pálssonar**, hefur efasemdir um þátttöku lífeyrisjóða þar sem eignarhald sjóðanna á tveimur viðskiptabönkum gæti hamlað samkeppni en núna er það einn og sami aðilinn – ríkissjóður – sem á meirihluta fjármála-kerfisins. Samkeppniseftirlitið virðist ekki hafa teljandi áhyggjur af því. Aðilar úr ýmsum áttum hafa það svo á hornum sér að ekki muni fást hæsta mögulega verð fyrir bankann. Draumandiurstaðan er þá væntanlega sú að ríkissjóður selji almenningi Íslandsbanka á háu verði. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem skattgreiðendur drægu stutta stráið í samskiptum sínum við hið opinbera.



Picchiatti til Verne

Verna Global, sem rekur gagnaver á Ásbrú í Reykjaneshöf, hefur ráðið **Alexander Picchiatti** í nýja stöðu stjórnanda stefnumótunar sem snýr að því að stofna til samstarfs og sambanda sem styðja við erlenda fjárfestingu á Íslandi. Picchiatti mun vera ábyrgð á samskiptum Verne Global við lykilsamstarfsaðila innan iðnaðarins, byggja upp ný viðskiptasambönd sem mætt geta flóknum þörfum alþjóðlegra viðskiptavina fyrir hýsingu á reikni- og tölvuafli á Íslandi. Verne Global er nú þegar í samstarfi við leiðandi framleiðendur tölvubúnaðar í heiminum, svo sem Dell, Intel og NVIDIA sem og þá þjónustuaðila hérlendis sem aðstoða viðskiptavina Verne Global við innleiðingu, uppsetningu og viðhald á þeim búnaði. Picchiatti hefur verið búsettur á Íslandi síðan 2006 og hefur gegnt stjórnendastöðum hjá Sensa, Símanum, Basis og nú síðast sem stjórnandi skýjaþjónustu hjá Crayon.



Kínverjar byggja nýja höfuðborg Egyptalands



Bygging nýrrar höfuðborgar Egyptalands gengur hratt þessa dagana, en HM í handbolta fer þar fram um þessar mundir. Nýja borgin er 45 kílómetra austur af Kairó og jafnlangt er til hafnarborgarinnar Súes. Nýja höfuðborgin mun meðal annars hýsa ríkisstofnanir, ráðuneyti og sendiráð. Verkið er unnið í samstarfi við China State Construction Engineering Company og er hluti af „Belti og braut“-verkefni kínverskra stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikilvægu stefnumáli fylgt úr hlaði



Anna Hrefna Ingimundardóttir forstöðumaður efnahagsviðsamtaka atvinnulífsins

Síðastliðið vor lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um að hefja sölufæri að eignarhlut sínum í Íslandsbanka. Viku eftir að tillagan var lögð fram dundi sögulegt áfall yfir hlutabréfamarkaði víða um heim og var hún því dregin til baka. Nú hefur Bankasýslan metið sem svo að ákjósanlegur tími sé til að kanna á ný hvort ásættanlegt verð gæti fengist fyrir um fjórðungshlut í bankanum.

Það er tæpast hægt að segja að málið hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti líkt og fram kom í máli nokkurra þingmanna í vikunni. Að minnsta kosti ekki fyrir þá sem á annað borð hafa kært sig um að kynna sér það. Þvert á móti hefur tillaga Bankasýslunnar, sem komið var á fót árið 2009, átt sér áralangan aðdraganda. Það hefur verið skýr stefna núsitjandi ríkisstjórnar að draga úr vægi hins opinbera í fjármálakerfinu enda heyrir það til undantekninga að þróuð ríki séu meirihlutaeigendur að bankakerfinu. Mikil og vönduð vinna hefur farið fram á kjörtímabilinu, meðal annars með gerð Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið. Hundruð blaðsíðna um efnisliggja fyrir og fjölmargar ræður í þingsal verið fluttar.

Þess er vert að geta að öll önnur vestræn ríki hafa komist að þeirri niðurstöðu að afskipti ríkisvaldsins af bankakerfinu eigi fyrst og fremst að fara fram í gegnum regluverk og eftirlit en ekki eignarhald. Veigamesta ástæða þess að ríkið sé óheppilegur eigandi að bönkum er sú að áhættusamur samkeppnisrekstur á einfaldlega ekki erindi í efnahagsreikning ríkissjóðs. Slikur rekstur felur í sér óásættanlega



áhættu fyrir skattgreiðendur og óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af samkeppnismarkaði.

Má selja banka í miðjum heimsfaraldri?

Fáa hefði grunað síðastliðið vor að fjármálamarkaðir myndu standa storminn eins vel af sér og raun ber vitni. Aðgerðir yfirvalda víða um heim hafa leitt til þess að hlutabréfaverð er víða í hæstu hæðum. Hið sama gildir á Íslandi. Margir óttuðust um stöðugleika bankakerfisins en íslensku viðskiptabankarnir standa styrkum fótum þrátt fyrir hið þunga högg heimsfaraldursins. Hlutabréfaverð Arion banka hefur raunar aldrei verið hærra, sem er skýrasta og augljósasta birtingarmynd þess að hagfelld skilyrði séu til sölu hlutar í Íslandsbanka.

Fyrir þá sem hafa áhyggjur af því að verði sé að förna framtíðarargreiðslum er vert að hafa í huga að ríkið mun eftir sem áður vera viðtakandi nær allra þeirra arðgreiðslna sem koma munu til frá bönkunum tveimur þar til annað er ákveðið. Að því sögðu eru arðgreiðslur í framtíð sem tveir fuglar í skógi á meðan afrakstur sölu hluta er fugl í hendi. Arðgreiðslur liðinna ára, sem einkennst hafa af sölu eigna í kjölfar bankahrunsins, heyrja sögunni til. Væntingar um framtíðararðsemi eru hins vegar grundvöllur virðismats þess hlutar sem boðinn verður til sölu.

Verður nýjum eigendum treystandi?

Ýjað hefur verið að því að nýir eigendur Íslandsbanka gætu viljað knýja fram fjöldagjaldprot í ferðabjónustu til að minnka óvissu um lánasafn bankans. Fyrir utan þá staðreynd að ríkið verður eftir sem áður stór meirihlutaeigandi bankans eru slíkar aðdróttanir hæpnar í ljósi þess að engri óvissu yrði eytt með því að ganga að veðum í stórum stíl í því efnahagsástandi sem nú ríkir. Hversu mikils virði eru annars eignir atvinnugreinar sem enn er í frosti? Um það hlýtur að ríkjast þó nokkur óvissa. Hagsmunum eigenda bankans hlýtur að vera betur borgið með því að unnið sé að farsælli endurræingu fyrirtækja viðskiptavina um leið og birtir til.

Almennt útboð hluta, eins og Bankasýslan leggur til, er vel til þess fallið að tryggja opið og gagnsætt sölufæri. Engin ástæða er til annars en að ætla að eignarhald bankanna muni samræmast þeim ströngu lögum og reglum sem um það gilda. Þá eru í gildi lög frá árinu 2012 sem fjalla sérstaklega um sölumæðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Það er reyndar sérstakt umhugsunarefni að til séu þeir, sem munu líklega aldrei telja réttan tíma til sölu bankans, sem leggi sig fram við að rýra traust almennings á bankakerfinu og mögulegum framtíðareigendum þess. Ætla

Það er sérstakt umhugsunarefni að til séu þeir, sem munu líklega aldrei telja réttan tíma til sölu bankans, sem leggi sig fram við að rýra traust almennings á bankakerfinu og mögulegum framtíðareigendum þess.

mætti að það væri gert einmitt í þeim tilgangi að viðhalda eignarhlutnum í skauti ríkissjóðs um ókomna tíð.

Parft skref inn í framtíðina

Að sjálfsgöðu ríkir óvissa um lánaþókk bankans. Útlánastarfsemi er í eðli sínu áhætturekstur. Það er staðreynd sem fæst ekki breytt, óháð því hver lánveitandinn er. Lykilspurningin er hvort unnt verði að fá ásættanlegt verð fyrir eignarhlutinn í bankanum með tilliti til þeirrar áhættu sem við blasir. Munu vera kaupendur að hlutnum á því verði sem ríkissjóður er tilbúinn til að láta hann af hendi? Til að fá svar við þeirri spurningu þarf að leggja af stað í leiðangurinn.


Með sölu væri fyrsta skrefið stigið í átt að dreifðara og heilbrigðara eignarhaldi á bankakerfinu, nú þegar það stendur frammi fyrir miklum áskorunum meðal annars vegna stórstígra tækniframfara. Ríkissjóður gæti samhliða dregið úr lánsfjárförð og minnkað áhættu á efnahagsreikningi sínum. Nýr valmöguleiki yrði til staðar fyrir almenning til að ávaxta sinn sparnað í því lágvaxtaumhverfi sem nú ríkir. Kostirnir eru margir og ótvíræðir.

Þeir sem telja að eignarhaldi bankakerfisins sé best fyrir komið hjá ríkissjóði mega gjarnan vera heidarlegir með það svo hægt sé að eiga þá umræðu grímulaust. Þeim sem hyggjast aftur á móti biða af sér óvissuna þegar kemur að sölu á hinum umfangsmikla eignarhlut ríkisins í fjármálakerfinu má benda á hið augljósa, sem er það að biðin mun reynast óendanleg.

LJÓSAÐLAÐIÐ 2020



ÁRLEGT TÍMARIT LJÓSSINS ER NÚ KOMIÐ ÚT!



Við bjóðum þjóðinni allri að skyggjast bakvið tjöldin hjá Ljósinu, kynnst fólkinu, starfinu og gleðinni sem ríkir á Langhóltsveginum.

Skannaðu QR merkið með myndavélinni í símanum til að lesa Ljósablaðið 2020 eða smelltu þér á www.ljosid.is



 **Ljósíð**

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson

Furðurök

Með sölu á fjórðungshlut í Íslandsbanka taka stjórnvöld varfærið skref til að færa bankakerfið í átt að því sem þekktist í nágrannalöndum en hvergi í Evrópu eru hlutfallsleg umsvif ríkis í bankakerfinu jafnmikil og á Íslandi. Markmiðið er að draga úr áhættu ríkisins, sem er með meira en 400 milljarða króna bundna í bankarekstri, og hámarka endurheimtur af eignarhaldinu þegar markaðsaðstæður eru hagfelldar. Í ofanálag eykur salan svigrúm ríkisins til að ráðast í samfélagslega arðbærar fjárfestingar. Rökin með sölnunni eru sterk.

Samfylkingin, sem vill láta taka sig alvarlega í efnahagsmálum og leggja áherslu á grænar fjárfestingar í komandi kosningarbaráttu, hefur fát uppbyggilegt til málaanna að leggja. Flokkurinn setur sig upp á móti sölnunni án þess að gefa kjósendum skýran valkost. Málflutningur um að salan sé ótímabær er ótrúverðugt yfirvarp. Flokkurinn hefur einfaldlega ekki framtíðarsýn í þessum málum.

Langt er gengið til að afvegaleiða umræðuna. Efnahagsráðgjafi VR, sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa vísað til, var í sjónvarpsþættinum Silfrinu á sunnudaginn. Þar var dregin upp dökk mynd. Útboð á eignarhlut ríkisins mun laða að sér áhættusækna og krosstengda fjárfesta sem munu beita sér fyrir því að Íslandsbanki gangi að veðum sínum í ferðaþjónustu. Eftirlitsyfirvöld eru enn lítills megnug gagnvart brögðum hinna fjársterku.

Þáttarstjórnandinn spurði viðmælandann að því sem margir áhorfendur veltu líklega fyrir sér. Hvernig ætla einkafjárfestar að valta yfir ríkið, sem verður áfram meirihlutaeigandi með 75 prósent, og lífeyrissjóði, sem eru líklegir til að fá dagóðan skerf í útboðinu? Ekki voru fleiri orð höfð um þetta grundvallaratriði önnur en þau að samhæðir fjárfestar reyni allt til að ná sínu fram.

Í kjölfar útsendingarinnar benti fyrrverandi aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins réttilega á, í færslu á samfélagsmiðlum, að regluverk með fjármálafyrirtækjum hefði verið stórlega hert á alþjóðavísu og væri að nokkru leyti enn meira á Íslandi en víðast annars staðar. Þá væri eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja mun áhættu- miðaðra, framsýnna og itarlegra en það áður var.

Að baki fyrirhuguðu söluferli, sem felur í sér sölu á einungis fjórðungshlut í öðrum ríkisbankanum, liggur heilmikil undirbúningsvinna og stjórnvöld hafa fært sterk rök fyrir sínu máli. Ábatinn er margþættur og áþreifanlegur. Andmælendurnir, sem aldrei eru sáttir við tímasetningu, segja á móti að eftirlit sé veikt og að minnihluti einkafjárfesta muni, þvert á vilja ríkisins, knýja fram stefnubreytingu í bankanum sem vinnur gegn þjóðarhag. Þetta eru fabúluríngar sem standast ekki skoðun.



Kaupfélagið eignast hamborgarastaði

Kaupfélag Skagfirðinga (KS) hefur eignast M-veitingar ehf., en síðarnefnda félagið annast rekstur Metro-hamborgarastaðanna. Samkeppniseftirlitið (SKE) birti í gær ákvörðun um samruna KS og M-veitinga, en eftirlitið úrskurðaði að ekkert yrði aðhafst frekar vegna samruna félaganna. Tveir staðir eru reknir undir merkjum Metro, einn við Suðurlandsbraut 26 og annar við Smáratorg í Kópavogi. KS og hluthafar M-veitinga undirrituðu kaupsamning þann 31. október síðastliðinn.

Þórólfur
Gíslason,
kaupfélags-
stjóri

Velta M-veitinga á árinu 2019 var um 400 milljónir króna, en SKE kemst að þeirri niðurstöðu að markaðshlutdeild fyrirtækisins sé óveruleg á alla mælikvarða, enda sé heildarvelta á veitinga- og skyndibitamarkaði á bilinu 80 til 90 milljarðar. „Samrunaaðilar hafa auk þess upplýst að samrunanum sé ekki ætlað að styrkja samkeppnistöðu samrunaaðila sérstaklega, heldur sé honum aðallega ætlað að leysa eigin M-veitinga undan skuldum við KS,“ segir í ákvörðun SKE. – thg

15.01.2020

Það var engin sérstök stefna að ríkið ætti að eignast Íslandsbanka og þar af leiðandi á það ekki að vera einhver sérstök stefna að ríkið eigi að eiga hann áfram.

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis



SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

ALLA FIMMTUDAGA
KL. 21:30

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti mætir aftur á skjáinn með glænýjan lífsstílsþátt. Í þáttunum heimsækir hann falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér íslenska veitingahúsamenningu, skoðar uppbyggingu nýrra hverfa þar sem nútíma arkitektúr er í fyrirrúmi og fjallar einnig um ýmis lífsstílstengd málefni.

Sir Arnar Gauti er á dagskrá Hringbrautar alla fimmtudaga kl. 21:30.

Öryggismiðstöðin og Húsasmiðjan
bjóða landsmönnum upp á Sir Arnar Gauta

HRINGBRAUT